

Umhverfisnefnd Alþingis
Selma Hafliðadóttir
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. apríl 2006
2006040010/42-1
JGO/

Landmælingar og grunnkortagerð - umsögn um frumvarp til laga, 668. mál

Vísað er til bréfs Umhverfisnefndar Alþingis dags. 12. apríl sl. þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á frumvarpi til laga um landmælingar og grunnkortagerð, 668. mál.

Náttúrufræðistofnun mælir eindregið með samþykkt þessa frumvarps, sem koma skal í stað gildandi laga um landmælingar og kortagerð (nr. 95/1997). Mikil og hröð þróun hefur orðið á sviði landmælinga, grunnkortagerðar og öflunar og framsetningu landfræðilegra upplýsinga á undanförunum árum, sem hefur haft í för með sér breytta hlutverka- og verkaskiptingu opinberra stofnana á þessu sviði og aðkomu einkaaðila. Nauðsynlegt var því orðið að endurskoða starfsemi Landmælinga Íslands, skilgreina verkefni hennar upp á nýtt, skýra þau og einfalda. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að vel hafi til tekist með þessu frumvarpi og mælir stofnunin því með samþykkt þess.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

